

Fjallabyggð 24.08.2020

Bæjarráð Fjallabyggðar

**Efni: Þakkir til Fjallabyggðar**

Fyrir hönd GFB þá langaði mig að skrifa ykkur nokkrar línur.

Eins og hefur komið fram þá fór fram Íslandsmót liða í 3. deild hér á Ólafsfirði um helgina. Mótið tókst einstaklega vel og völlurinn var frábær. Fjallabyggð á stóran þátt í hversu völlurinn var glæsilegur. Við nefnilega tókum í gagnið 3 nýjar og glæsilegar holur sem voru leiknar í mótinu (eigum að vísu eftir að leggja lokahönd á frágang við þær en það truflaði okkur ekki). Það höfðu allir keppendur það að orði að þetta væru glæsilegar holur, sumir vildu meina það að ein þeirra væri ein sú flottasta á landinu! Við erum síðan að halda áfram í nýframkvæmdum, að bæta völlinn okkar hér í Fjallabyggð og gera enn glæsilegri. Þessi orðstýr spyrst út og fólk setur Fjallabyggð á kortið, yfir staði sem það vill heimsækja og leika golf.

Einnig viljum við þakka fyrir lánið á Tjarnarborg, án þeirrar aðstöðu hefði ekki verið hægt að gera mótið jafn glæsilegt og það var.

Ég segi bara enn og aftur, kærar þakkir.

Með góðri kveðju, Rósa formaður



Hér að neðan má sjá frétt sem skrifuð var inn á FB síðu GFB í mótslok.

Íslandsmót golfklúbba 3. deildar karla var haldin á Skeggjabrekkuvelli í Fjallabyggð. Átta sveitir mættu til leiks, Ísafjörður (GÍ), Fjallabyggð (GFB), Hveragerði (GHG), Grindarvík (GG), Vatnsleysuströnd (GVS), Borgarnes (GB), Flúðir (GF) og Neskaupstaður (GN).

Keppnin var æsispennandi, hörð barátta var allan tímann og oft stutt á milli gleði og vonbrigða. Það voru heimamenn í GFB annars vegar og GG hins vegar sem kepptu til úrslita. Heimamenn voru sterkari á lokasprettinum og unnu leikinn 2/1. Þeir keppa í 2. deild að ári.

Þriðja sætið féll í skaut GF en þeir unnu GN. GB vann GÍ um fimmta sætið. Og GHG vann GVS um sjöunda sætið. GVS leikur því í 4. deild að ári.

GFB vill þakka öllum þeim sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóginn við að gera mótið sem glæsilegast og Óla Brósa fyrir flottan völl. Þó ber að þakka sérstaklega þeim Rósu, Dagnýju og Tryggva golfdómara en þau sáu um mótið í heild sinni.